



Velferðarvaktin

Til sveitarstjórna

22. ágúst 2012

Enn á ný sendir velferðarvaktin sveitarstjórnnum kveðjur sínar í upphafi skólaárs og fagnar um leið aðgerðum skólastjórnenda til að tryggja velferð barna í kjölfar efnahagshrunsins.

Rannsóknir hafa sýnt að afleiðingar efnahagskreppu koma oft fram hjá börnum eftir þrjú til fimm ár. Hvetur því velferðarvaktin sveitarstjórnir og skólanefndir til að huga sérstaklega að líðan barna í upphafi skólaárs. Mikilvægt er að kostnaði við kaup á skólavörum og þátttöku í frístundastarfi sé haldið í lágmarki og tryggt að kostnaður heimilanna vegna skólastarfs hindri í engu þátttöku barna í leik og starfi.

Könnun velferðarvaktarinnar, frá mars 2011, á líðan þeirra barna sem áttu í vanda fyrir efnahagshrunið hefur leitt í ljós að staða margra þeirra hafði versnað. Á þetta einkum við um þau börn sem búa í þéttbýli. Sumarið 2012 fékk velferðarvaktin rýnihópa fagfólks í heilbrigðis-, félags- og skólakerfinu til að fara yfir niðurstöður könnunarinnar og var ein af niðurstöðum þeirra að efla þurfi samvinnu milli þjónustukerfa svo sem barnaverndarnefnda og skóla. Skólarnir eru því hvattir til að fylgjast sérstaklega með þessum börnum og efna til samstarfs við félagsmálayfirvöld og heilsugæslu um velferð þeirra.

Ennfremur er mikilvægt að kostnaði vegna skólamáltíða verði áfram haldið í lágmarki og tryggt með öllum tiltækum ráðum að börn í leik- og grunnskólum fái hádegisverð alla skóladaga.

Með góðum kveðjum og óskum um farsælt skólastarf í vetur,
fyrir hönd velferðarvaktarinnar,

Lára Björnsdóttir formaður

Afrit send:
Félagsmálanefndum,
skólanefndum og
íþróttá- og tómstundaráðum sveitarfélaganna.

Nánari upplýsingar um velferðarvaktina er að finna á heimasíðu vaktarinnar:
<http://www.vel.is/velferdarvaktin/>